

AUGLÝSING

(III) um staðfestingu reglna sveitarfélaga um úthlutun byggðakvóta.

1. gr.

Með vísan til 2. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 439, 15. maí 2007 um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2006/2007 staðfestir ráðuneytið sérstök skilyrði vegna úthlutunar aflaheimilda í eftirfarandi sveitarfélagi:

Fjallabyggð.

Ákvæði reglugerðar 439 frá 16. maí 2007 gilda með eftirfarandi viðauka/breytingum:

1. Í stað þeirrar viðmiðunardagsetningar sem miðað er við í b- og c-liðum 1. gr. reglugerðarinnar, varðandi skráningu fiskiskipa og eigenda/leigutaka og lögaðila í viðkomandi byggðarlagi, verði miðað við 1. júlí 2007.
2. Í stað 1. másl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar kemur: Fiskiskipum er skylt að landa til vinnslu innan sveitarfélagsins afla sem nemur, í þorskígildum talið, tvöföldu magni þeirra aflaheimilda sem þau fá úthlutað samkvæmt reglugerð þessari og skal úthlutun til þeirra ekki fara fram nema að því leyti sem það skilyrði er uppfyllt.
3. Byggðakvóta Siglufjarðar, 204 þorskígildistonnunum, skal úthlutað til fiskiskipa á Siglufirði sem uppfylla skilyrði úthlutunarreglna.
4. Byggðakvóta Ólafsfjarðar skal með sama hætti úthlutað til fiskiskipa á Ólafsfirði.
5. Byggðakvóta skal úthlutað til fiskiskipa í hlutfalli af samtölu landaðs afla í viðkomandi byggðarlagi fyrir tímabilið 1. júlí 2006 til 30. júní 2007 og aflamarki í þorskígildum talið hjá viðkomandi skipi þann 30. júní 2007. Með aflamarki er átt við skilgreiningu Fiskistofu á aflamarki í þorskígildum.

2. gr.

Auglýsing þessi, sem birt er samkvæmt heimild í 5. mgr. 10. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Jafnframt eru felldar úr gildi áður auglýstar reglur ofangreinds sveitarfélags um úthlutun byggðakvóta á fiskveiðiarinu 2006/2007, þ.e. í 4. tl. auglýsingar nr. 579 frá 28. júní 2007.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 22. október 2007.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Hinrik Greipsson.